



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjórnuheimilinu miðvikudaginn 09.03.2016 kl. 20.00

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Kristján B. Thorlacius sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð

Sigurður Bjarnason formaður, setti fundinn og stýrði.

1. Breytingar hjá framkvæmdastjóra.

Jóhannes framkvæmdastjóri gerði stjórninni grein fyrir því að hann hygðist segja upp störfum hjá félaginu. Hann hefði fengið upp í hendurnar tækifæri sem hann gæti ekki hafnað. Hann óskaði eftir því að fá að ljúka störfum hjá félaginu sem fyrst, en tók jafnframt fram að hann myndi að sjálfsögðu ljúka störfum í fullu samráði og samstarfi við stjórn félagsins.

Málinu voru rædd af fundarmönnum og gerði Sigurður Bjarnason grein fyrir því að hann hefði rætt við Jóhannes um að hann myndi starfa hjá félaginu að minnsta kosti fram yfir aðalfund félagsins sem haldinn verður í maí nk. og annast um undirbúning og skipulagningu fundarins, lok uppgjors og annarra verkefna sem því tengdust og kvaðst Jóhannes reiðubúinn til þess.

Jóhannes vék af fundinum.

Stjórnin ræddi stöðu mála, hvernig best væri að standa að ráðningu nýs framkvæmdastjóra og voru ýmsar hugmyndir og leiðir ræddar í því sambandi. Lögð var áhersla á að vandað yrði til verka og leitað yrði til sérfræðinga um ráðgjöf varðandi það hvernig best yrði að þessu staðið. Rætt um ferlið sem fram fór þegar Jóhannes var ráðinn til starfa. Sigurði og Þórdísi var falið að halda utan um þetta verkefni og leita til Leifs Geirs hjá Hagvangi um ráðgjöf í þessu sambandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.10.

KBTh